

# Ársskýrsla 2017



Aðalfundur 20.02.2018

## Dagsskrá aðalfundar

1. Fundarsetning
2. Fundarstjóri kosinn
3. Fundarritari kosinn
4. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin
5. Skýrsla stjórnar
6. Nefndir gera grein fyrir störfum sínum
7. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram
8. Umræður um skýrslur, afgreiðsla reikninga
9. Árgjald ákveðið
10. Lagabreytingar
11. Stjórnarkosning skv. 7. grein
12. Kosning formanna fastanefnda
13. Kosning tveggja endurskoðanda og eins til vara
14. Önnur mál
15. Fundargerð lesin
16. Fundarslit

# Fundargerð síðasta aðalfundar

Fundur er settur 16.02'17

Mættir eru 8 félagsmenn, þar af 4 stjórnarmenn.

Lesið var yfir fundargerð síðasta árs.  
Skýrsla Stjórnar

Fjöldi félagsmanna virðist enn vera að aukast en tæpir 80 félagsmenn hafa greitt félagsgjöld .

64 skotpróf fyrir hreindýraveiðar voru tekin á árinu.

Voru haldin tvö skotmót á árinu. Annarsvegar Gæsaskyttumótið 2016 haldið á svæðinu og var það fyrsta mót sinnar tegundar hjá okkur . Þótti það lukkast vel.

Einnig var haldið Landsmót í 300 m Riffli og kepptu 4 í því móti. STÍ hefur óskað eftir því að félagið haldi mót aftur 2017 og var það samþykkt.

Fenginn var þjálfari til að vera með námskeið í skeet og leirdúfuskotfimi og gekk það mjög vel. Nokkur ásókn var á leirdúfuvöllinn. Einnig hélt Arnór Óli frá Skotreyn fyrirlestur um haglabyssuskotfimi.

Hvað framkvæmdir varðar þá má nefna að brunnur var settur niður, og það var nokkuð mál en hafðist að lokum með hjálp tveggja verktaka. brunnurinn er 5 m djúpur og síðasta haust mældist dýpt vatns vera 2.7 m. einnig var klárað að tengja vatnslagnir innanhúss og aðeins er eftir að tengja dælu og setja ofan í brunn.

Var vefsvæði fært til annars Þjónustuaðila og mun það spara töluverðan kostnað til næstu þriggja ára.

Ný heimasíða félagsins leit dagsins ljós og mun fleiri upplýsingar koma þarna inn um viðburði og annann fróðleik sem tengist félaginu.

Eins var lagað hlið að svæðinu og það fært

Refanefnd

Líklega um 35 refir sem lágu eftir þetta ár. Ekki var komist að Heklubæjum og er það eitthvað sem þarf að ráðast í á þessu ári.

Skammbyssunefnd

Einn dagur var skipulagður í skotæfingar þar sem einn mætti.

Skammbyssan sem er í eigu félagsins er í yfirhalingu og planið er að uppfæra hana og fá aðra.

Færa sig yfir í Berettu

Riffilnefnd

*Ekkert marktækt.*

*Aðeins talað um að það þurfi að klára manir og fleira.*

*Reikningar*

*Farið var yfir reikninga. Og þeir Samþykktir einhljóða.*

*Árgjald*

*Haldið óbreytt.*

*Samþykkt einhljóða*

*Lagabreytingar*

*Breytingatillaga 1*

*Breyting á 1. gr.*

*1. mgr. breytist og verður svohljóðandi:*

*Nafn félagsins er Skotíþróttafélagið Skyttur.*

*Jafnframt breytist nafn félagsins hvar sem þar stendur í lögnum í samræmi við fyrrgreinda breytingu.*

*Breytinging felur í sér nafnabreytingu á félaginu til með það að leiðarljósi að undirstrika að um íþróttafélag sé að ræða. Skotfélagið Skyttur verður Skotíþróttafélagið Skyttur.*

*Breytingatillaga 2*

*Breyting á 4. gr.*

*2. - 4. mgr fellur úr gildi.*

*Í stað kemur eftirfarandi texti:*

*Félagsmenn undir 18 ára aldri greiði ekki félagsgjöld.*

*Eftirfarandi texti fellur út lögum:*

*"Auk árgjalds skal hver nýr félagsmaður greiða inntökugjald sem ákveðið skal á aðalfundi og skal inntökugjaldið greitt um leið og inntökubeiðni er lögð fram. Nýr félagsmaður skal ekki greiða inntökugjald og ekki árgjald fyrr en á sínu 18. ári. Nýr félagsmaður þarf ekki að greiða inntökugjald sé maki hans fyrir í félaginu. "*

*Greinin mun hljóða svo eftir breytingu:*

"Félagsmenn skulu greiða árgjald til félagsins og skal upphæð þess ákveðin á aðalfundi. Gjaldagi árgjalda er 15. apríl og greiðist þá árgjald fyrir það ár. Félagsmenn undir 18 ára aldri greiði ekki félagsgjöld. Greiði félagsmaður ekki árgjald innan tveggja mánaða frá útgáfu innheimtuseðla og eigi jafnframt ógreitt árgjald sitt frá fyrra ári, skal taka hann af félagaskrá, nema meirihluti stjórnar ákveði annað með hliðsjón af sérstökum aðstæðum. Hafi félagsmaður ekki greitt áfallið árgjald sitt fyrir aðalfund missir hann atkvæðisrétt og kjörgengi á þeim fundi ásamt öðrum félagsréttindum. Hafi félagsmaður verið langdvölum utan félagssvæðis, er stjórninni heimilt að fella niður árgjald hans. Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og miðast við áramót."

Búið er að fella niður inntökugjaldi og því ekki þörf á því að hafa ákvæði um það í lögnum.

Stjórn skotfélaginsins er eftirfarandi

Magnús Ragnarsson Formaður

Haraldur Gunnar Helgason Varaformaður

Bjarki Eiríksson Gjaldkeri

Erlingur Snær Loftsson Ritari

Kristinn Valur Harðarson Meðstjórnandi

Guðmar Jón Tómasson Varamaður

Jón Þorsteinsson Varamaður

Stjórn Helst óbreytt og var hún samþykkt einhljóða

Nefndarmenn allir samþykktir áfram einhljóða.

Varamaður endurskoðunar var kosinn Samúel Jóhann Guðmundsson

Önnur mál.

Talað var um hvar og hvort við gætum sótt um styrki til ÍSÍ vegna vegarins.

Hvernig erum við að trekkja að félagsmenn og mennhvattir til að breiða út.

Hvar eigum við að byggja upp til að trekkja félagsmenn að. Talað um að koma upp skothúsi fyrir ríffilbraut það myndi strax hafa áhrif. Skammbyssu eignin á klárlega eftir að trekkja að.

Talað um að skoða t.d. kvennakvöld. Styrktarmót að einhverju tagi. Þannig er hægt að fá fríar auglýsingar og umtal í sama veifi.

Spurt er hvar er gámurinn.

Þarf að koma honum upp. Næsta mál er einfaldlega að steypa niður fasta punkta. Stefna tekin á að koma honum niður með vorinu. Grafa holur við hornin og steypa platta og jafnvel sjóða hann fastann við.

*Vakin athygli á að ath. Leigusamninginn sem varðar veginn. Eigendaskipti hafa orðið ser stað á Minna-hofi og þarf að skoða það.*

*Talað um að bæta sýnileika á hvar skal beygja til að komast upp á svæði. Skilti niður við veg. Ritari tekur að sér að skoða skiltamál*

*Talað um skothúsmálin. Þarf að fara að skoða að nálgast teikningar, af svipuðum húsum.*

*Vettvangsferðir planaðar þetta er eitthvað sem þarf alvarlega að skoða og framkvæma. Með vettvangsferðum er hægt að afstýra mistökum í byggingum.*

*Talað um að félagsmönnum yrði gefinn kostur á að halda mót, og vera sem sagt í forsvari. Ef þú ert með hugmynd, þá sérð þu sjálfur um mótið.*

*Þarf að Skoða gluggana í húsinu...*

*Rætt um nýja verðskrá þar sem hægt væri að leigja svæðið út til einstaklinga sem myndu vilja koma með hópa.*

## 5. Skýrsla stjórnar

Árið var viðburðaríkt eins og fyrr ár hjá félaginu. Aðalfundur var haldinn 16.02.2017.

Ýmsu var komið í verk árinu sem við erum ánægðir með. Vatn fór að renna í félagshúsinu á árinu. Ljósleiðari var tengdur við húsið og fékk skotsvæðið starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Þrjú mót voru haldin á svæðinu á árinu. Landsmót í 300 metra riffli sem var STÍ mót, Gæsaskyttan 2017 og svo innanfélagsmót í BR50 sem var kynningarmót til að kynna fyrir felagsmönnum BR50 skotfimi.

Var verklegt námskeið fyrir skotvopnaleyfi haldið fyrir Umhverfisstofnun og einnig voru 49 próf tekin fyrir umsókn um hreindýraveiði, sem er nokkuð minna en árin á undan.

Var námskeið í bogfimi haldið í samstarfi við Indriða Ragnar Grétarsson, bogfimipjálfara sem margir sóttu. Skotíþróttafélagið sótti um aðild að Bogfimisambandi Íslands og varð aðili að því á árinu.



Félagið er einnig komið með getraunanúmer í Íslenskum getraunum sem er 795

Sótti félagið um þónokkra styrki á árinu og skilaði það árangri.

Félagið fékk þónokkra styrki, m.a. fyrir nýju skilti við afleggjarann á svæðinu, nettenginu, ljósleiðara, bogfiminámskeiði og þjálfanámskeiði.

Byrjað var að teikna og hanna nýtt riffilhús fyrir skotfélagið og fekks undir lok árs samþykkt á styrki frá Héraðsnefnd Rangvellinga uppá 1.000.000kr til byggingar riffillhúss.

Við stefnum því á næsta ári að miklum framkvæmdum og uppbyggingu skotsvæðisins, þá aðallega riffilhúsi sem verður kærkomin viðbót við skotsvæðið og mun gjörbylta iðkunnarmöguleikum á svæðinu. Ýmislegt annað þarf þó að gera eins og að laga veg að svæðinu, viðhald á félagshúsi og annað en með samstilltu átak ættum við að getað bætt svæðið og setta það í fremstu röð á landsvísu.

Í ár stefnum við á að halda fleirri mót en áður og kynna fleirri skotíþróttagreinar. Á dagsskrá er landsmót í 300m riffli eins og verið hefur.

Stjórnin



## Nefndir skotfélagsins

- Ríffillnefnd
- Haglanefnd
- Skammbýssunefnd
- Refanefnd


# Ársreikningar Skotfélagsins Skyttur 2017

	Tekjur	Gjöld
Félagsgjöld	851,547 kr.	
Skotpróf	220,500 kr.	
Æfingatekjur	162,975 kr.	
Mótagjöld	0 kr.	
Styrkir	335,960 kr.	
HSK Tekjur	43,608 kr.	
Auglýsingatekjur	0 kr.	
Innvextir	4,464 kr.	
Aðrar tekjur	147,380 kr.	
HSK Gjöld		0 kr.
Rekstrarvörur		-92,833 kr.
Félagshús		-431,698 kr.
Landleiga		-104,082 kr.
Rafmagn		-93,401 kr.
Tryggingar		-113,997 kr.
Auglýsingar		-15,611 kr.
Framkvæmdir		-511,315 kr.
Kaffi og veitingar		-25,772 kr.
Vefsíða		-9,340 kr.
Bankagjöld og skattar		-32,573 kr.
Önnur Gjöld		-161,743 kr.
<b>Samtals</b>	<b>1,766,434 kr.</b>	<b>-1,592,365 kr.</b>
Staða reikninga 01.01.2017.	353,265 kr.	
Staða reikninga 31.12.2016		527,334 kr.
	<b>2,119,699 kr.</b>	<b>2,119,699 kr.</b>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>		<b>174,069 kr.</b>

Hef lesið yfir og séi ekki athugasemdir  
 19.02.2018

## Efnahagsreikningur Skotfélagsins Skyttur 2017

Fastafjármunir	Félagshús	6,085,000 kr.
	Leirdúfuhús	670,198 kr.
	Leirdúfuvélar	166,000 kr.
	Markrifflar	56,000 kr.
	Leirdúfur	200,000 kr.
	Leirdúfuskot	40,000 kr.
	Skammbýssa	112,000 kr.
	Sláttuvél	166,000 kr.
	Netbúnaður	40,000 kr.
	Öryggisvesti	52,772 kr.
Veltufjármunir	Landsbankinn	515,334 kr.
	Arion banki	0 kr.
	Skiptimynt	12,000 kr.
Eignir alls		8,115,304 kr.
Eigið fé		6,732,923 kr.
Langtímaskuldir		1,382,381 kr.
Skammtímaskuldir		0 kr.
Skuldir samtals		1,382,381 kr.
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>		<b>8,115,304 kr.</b>

Hef lesið yfir og gæmi eðli athugasemdir.  
18.02.2018 

## Fjárhagsáætlun 2018

	Tekjur	Gjöld
Félagsgjöld	1,000,000 kr.	
Skotpróf	280,000 kr.	
Æfingatekjur	300,000 kr.	
Styrkir	1,600,000 kr.	
HSK Tekjur	40,000 kr.	
Auglýsingatekjur	100,000 kr.	
Innvextir	10,000 kr.	
Aðrar tekjur	100,000 kr.	
HSK Gjöld		20,000 kr.
Rekstrarvörur		400,000 kr.
Félagshús		365,826 kr.
Landleiga		110,022 kr.
Rafmagn		150,000 kr.
Tryggingar		75,000 kr.
Auglýsingar		20,000 kr.
Framkvæmdir		2,000,000 kr.
Kaffi og veitingar		10,000 kr.
Nettenging		36,000 kr.
Bankagjöld og skattar		28,186 kr.
Önnur Gjöld		200,000 kr.
<b>Samtals</b>	<b>3,430,000 kr.</b>	<b>3,415,034 kr.</b>
Staða reikninga 01.01.2017	527,334 kr.	
Staða reikninga 31.12.2017		2,032,044 kr.
	<b>3,957,334 kr.</b>	<b>5,447,078 kr.</b>
Tekjur umfram gjöld		<b>14,966 kr.</b>

## Sundurliðun ársuppgörs

### Innkoma


- Félagsgjöld
  - Alls greiddu 85 meðlimir félagsgjöld sem er metfjöldi. Við stefnum hraðbyri á 100 meðlimi og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2018 að félagsgjöld fari yfir 1.000.000 kr.
- Skotpróf
  - 49 skotpróf.
- Æfingatekjur
  - Innkoma af vallargjöldum, leirdúfuhringjum, mótagjöld o.þ.h.
- Styrkir
  - Vegskilti, nettenging, ljósleiðari og námskeið.
- Aðrar tekjur
  - Sala á skammbyssu og tekjur af verklegum hluta skotvopnanámskeiðs.


### Útgjöld

- Rekstrarvörur
  - Skotfæri, leirdúfur, skotskífur, eyrnatappar o.þ.h.
- Félagshús
  - Eftirstöðvar af lánum, fasteignagjöld og öryggismyndavél.
- Framkvæmdir
  - Vinna og efniskostnaður vatnsbrunnis, ljósleiðaratenging, skilti, starfsleyfi .
- Önnur gjöld
  - Kaup á nýrri skammbyssu, bogfimiskotmörk, greiðsla til UST o.fl.

## Önnur mál

- Kosning fulltrúa á HSK þing 10. mars og tveir til vara.
- Nýtt ríffillhús
- Gæðahandbók félagsins
- Unglingastarf
- Mótanefnd
- Vallarstjóri
- Bogfimiðkunn






ÚTLIT VESTUR

AUSTUR

ÚTLIT NORÐUR

SUDUR



17500

3209.92



